

## Lestrarstefna Langholtsskóla

Hugtakið læsi felur í sér lestur og ritun. Helstu markmið eru að nemendur öðlist þá hæfni að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og að geta miðlað þekkingu sinni til viðmælenda og lesenda.

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla 2011 er gerð grein fyrir sex grunnþáttum í íslenskri menntun og læsi er einn þeirra. Þar er tekið fram að meginmarkmið læsis sé að „nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, 2011:17).

Námsleiðum hefur fjölgað og nemendur hafa aðgang að ýmiss konar tækni til að nota í samskiptum og námi en lestrarkunnátta er eins og áður undirstaða almennrar menntunar og hún er einn mikilvægasti þáttur grunnskólanámsins. Áhugi barna og ungmenna á lestri hefur forspárgildi um námsárangur þeirra og því er mikilvægt að þau tileinki sér lestur á fyrstu árum grunnskólans. Færnin er þó ekki ein og sér nóg heldur þarf að viðhalda og efla áhuga nemenda á lestri á öllum skólastigum.

Í lestrarstefnu fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar kemur fram að lestur sé lykill að öllu námi og því þurfa lestrarkennsla og lestarþjálfun á öllum stigum grunnskólans að vera fjölbreytt og markviss. Þar segir enn fremur að það þurfi að þjálfar nemendur áfram þegar komið er á miðstig, kenna og þjálfar mismunandi lestrarlag og tækni s.s. nákvæmislestur, leitarlestur eða skimunarlestur eftir því sem við á. Á unglingsstigi þurfa nemendur áfram kennslu og þjálfun í lestri svo þeir geti lesið texta af öryggi og skilningi. Þeir þurfa að geta beitt mismunandi aðferðum við lestur og ritun ásamt því að þekkja ólíkar tegundir texta.

Í Langholtsskóla er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, sveigjanleika og að námsumhverfið sé örvandi og hvetjandi til lestrar. Lestur er kenndur samkvæmt hljóðaaðferð og á yngsta stigi skólans er unnið eftir aðferðum byrjendalæsis og Pals. Á mið- og unglingsstigi er unnið eftir leiðum Orðs af orði en það er aðferð sem eflir orðvitund nemenda.

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð þar sem unnið er með tal, hlustun, lestur og ritun og þættirnir felldir inn í eina heild undir hatti læsis. Enn fremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Unnið er út frá gæðatexta og margskonar barnabækur notaðar sem efniviður fyrir íslenskukennsluna.

PALS er lestraraðferð til að þjálfar lesfimi og lesskilning í blönduðum bekkjardeildum.

Orð af orði byggir á þeim markmiðum að nemendur eflir orðavitund sína, orðaforða og hæfni til að ráða í merkingu orða á markvissan hátt. Þessari kennslu er fléttuð saman við aðrar greinar og nemendur læra ýmsar orða- og námsaðferðir til að beita í vinnu sinni eins og t.d. gagnvirkur lestur og gerð hugtakakorta.

Nemendur eru hvattir til að nota bókasafn skólans og þar fá þeir leiðsögn varðandi val á lestrarefni. Á safninu eru oft hópar í kennslu í framsögn og þá er samvinna milli safnsins og umsjónarkennara varðandi námið.

Lestrarsprettir eru í öllum árgöngum. Markmiðið með lestrarsprettum er að efla leshraða, lestrarfærni og orðskilning. Heimilin eru ávalt upplýst um lestrarsprettina og framfarir eru áberandi bestar þegar heimilin taka virkan þátt í þeim. Í öllum árgöngum skólans er yndislestur í 10-15 mínútur á dag.

Stefnt er að því að halda lestrarnámskeið einu sinni á skólaárinu í 2. og 3. bekk. Árganginum er skipt í hópa eftir lestrargetu og unnið með lestur og ritun í tengslum við Byrjendalæsi. Umsjónarkennarar skipuleggja námskeiðið í samvinnu við kennara á bókasafni og sérkennara á stiginu.

Árlega eru lagðar fyrir skimanir í lestri til að greina hvort þurfi að breyta um áherslur í kennslunni.

## Hlutverk foreldra

Þátttaka foreldra í námi barna sinna hefur ótvíræð jákvæð áhrif á gengi barna í námi almennt, en þó alveg sérstaklega varðandi læsi (Rósa Eggertsdóttir, 2008). Til að góður árangur náist verður lestrarkennslan að vera samvinnuverkefni milli heimilis og skóla. Í skólanum læra nemendur tækni við lesturinn en heima fer þjálfunin fram. Það þarf að gera ráð fyrir lestrarstund í heimavinnu á öllum stigum skólans í 15-20 mínútur daglega. Leggja verður áherslu á að stundin sé notaleg og ánægjuleg lestrar- og samræðustund barns og foreldris. Mikilvægt er að börnin lesi í fríum því ef þau gera það ekki fer þeim aftur í lestrarfærni. Þetta á ekki síst við börn með lestrarerfiðleika en það getur tekið þau langan tíma að ná fyrri færni. Hvatning til sumarlesturs er markviss og nemendur sem lesa að lágmarki 3 bækur að sumri fá sérstaka viðurkenningu í skólanum að hausti.

Til foreldra:

- Hrósa þegar tilefni gefst til
- Hlusta á barnið lesa daglega og ræða einstök orð og atburði í textanum
- Lesa fyrir barnið eins oft og kostur er
- Velja lesefni við hæfi, láta vita í skólanum ef lesefnið er of létt eða of þungt
- Lesa til skiptis við barnið þegar við á
- Fara saman á bókasafnið í hverfinu
- Hlusta á sögur
- Lesa saman ljóð og vísur
- Ritun eykur lestrargetuna

## Stefnumörkun

1.bekkur	Markmið	Kennsluáherslur	Matstæki	Viðmið um árangur
Tækni/ leikni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• þekki bókstafi og hljóð þeirra</li> <li>• áttar sig á hljóðgreiningu, fremst – í miðju - og aftast í orði</li> <li>• hlustar á upplestur bóka og ljóða</li> <li>• les aldursvarandi texta</li> <li>• les upphátt með áherslum og stoppar við punkt við upplestur</li> <li>• getur lesið algengar orðmyndir</li> <li>• byrjar að leiðrétta sig við villur í lestri</li> <li>• nær samhengi í texta</li> <li>• spáir fyrir um framhald sögu</li> <li>• þjálfist í flutningi á texta á leikrænan hátt</li> <li>• þekkir stóran og lítinn staf</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hljóðaaðferð í lestri</li> <li>• unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis</li> <li>• heimalestur daglega</li> <li>• samtímar á sal og í kennslustofu þar sem nemendur hlusta á flutning á efni, syngja og koma fram</li> </ul>	<p>Stafa og hljóðakannanir:</p> <p>Sept/okt. Leið til læsis, lesskimun. Tove krogh</p> <p>Des. Ltl sjónrænn orðaforði A1 og lesfimi A1 fyrir þau sem eru farin að lesa.</p> <p>Des. Stafakönnun.</p> <p>Feb. Læsi 2.hefti</p> <p>Maí. Leið til læsis, sjónrænn orðaforði A2 og lesfimi A1.</p>	<p>Þekkir alla stafi og hljóð þeirra.</p> <p>Atkvæðafjöldi í hraðaprófi að vori:</p> <p>✓ 60→</p> <p>○ 20-59</p> <p>△ 0-19</p>
Skilningur og viðhorf	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• velur sér lesefni og bækur við hæfi</li> <li>• les sér til ánægju og gagns</li> <li>• getur sagt frá upphafi, miðju og endi</li> </ul>	<p>Samtengjandi og sundurgreinandi verkefni. Unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis</p>		

△ Hefur ekki náð settu markmiði

○ Þarfnast frekari þjálfunar

✓ Hefur náð settu markmiði

2.bekkur	Markmið	Kennsluáherslur	Matstæki	Viðmið um árangur
Tækni/ leikni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• les aldurssvarandi texta</li> <li>• les upphátt með áherslum og tekur mið af punkti og spurningarmerki við upplestur</li> <li>• getur flutt margvíslegan texta upphátt</li> <li>• þjálfist í flutningi á texta á leikrænan hátt</li> <li>• getur lesið í hljóði í 10 - 15 mín.</li> <li>• efli orðaforða</li> <li>• getur leiðrétt sig í lestri</li> <li>• fylgir skriflegum fyrirmælum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis</li> <li>• heimalestur daglega</li> <li>• lestrarsprettir</li> <li>• samtímar á sal skólans</li> </ul>	<p>Ág/sept. Læsi 3.hefti og stafsetning, Aston Index.</p> <p>Okt. Lestrarpróf</p> <p>Des. Ltl sjónrænn orðaforði B1 og lesfimi B1.</p> <p>Feb. Læsi 1.hefti.</p> <p>Apr. Læsi 2.hefti.</p> <p>Maí. Ltl sjónrænn orðaforði B2 og lesfimi B2.</p>	<p>Þekkir alla stafi og hljóð þeirra.</p> <p>Atkvæðafjöldi í hraðaprófi að vori:</p> <p>✓ 120 →</p> <p>○ 48-119</p> <p>△ 0-47</p>
Skilningur og viðhorf	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• kynnist mismunandi bókmenntatextum</li> <li>• les sér til ánægju og gagns og getur lokið við verkefni</li> <li>• getur endursagt sögu</li> <li>• getur borið saman persónur og atburði í sögum</li> <li>• þekkir bókmenntahugtökin sögupersóna, söguþráður og boðskapur</li> </ul>	<p>Samtengjandi og sundurgreinandi verkefni. Unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis sbr. dótasögur, hugtakakort, KVL o.s.frv.</p>		

3.bekkur	Markmið	Kennsluáherslur	Matstæki	Viðmið um árangur
Tækni/ leikni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• les aldurssvarandi texta</li> <li>• getur lesið skýrt og áheyrilega</li> <li>• les upphátt með mismunandi áherslum og tekur mið af punkti, kommu, spurningamerki og upphrópunarmerki</li> <li>• eykur leshraða og liðleika</li> <li>• þekkir skáldsögur, myndasögur, þjóðsögur, ævintýri og ljóð.</li> <li>• les í hljóði í 10-20 mínútur</li> <li>• eykur orðaforða sinn</li> <li>• leiðréttir sig sjálfur við lestur</li> <li>• fylgir skriflegum fyrirmælum í lestri</li> <li>• velur sér bækur við hæfi</li> <li>• þjálfist í flutningi á texta á leikrænan hátt</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis t.d. paralestur, kórlestur o.s.frv.</li> <li>• heimalestur daglega</li> <li>• lestrarsprettir</li> <li>• samtímar</li> </ul>	<p>Ág/sept. Lesmál Sept. stafsetning, Aston Index.</p> <p>Okt. Lestrarpróf</p> <p>Des. Ltl sjónrænn orðaforði C1 og lesfimi C1.</p> <p>Des. Orðarún.</p> <p>Maí. Ltl sjónrænn orðaforði C2 og lesfimi C2 og Orðarún.</p>	<p>Þekkir alla stafi og hljóð þeirra.</p> <p>Atkvæðafjöldi í hraðaprófi að vori:</p> <p>✓ 170 →  ○ 72 - 179  △ 0 - 71</p>
Skilningur og viðhorf	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• velur, les og lýkur við margvíslegt lesefni við hæfi</li> <li>• les sér til ánægju og gagns</li> <li>• hefur skoðanir á því sem hann les og getur tjáð sig um það</li> <li>• getur endursagt sögu í réttri röð</li> <li>• ber saman líkar og ólíkar persónur og atburði í sögu</li> <li>• spyr og getur svarað spurningum út frá lesefni</li> </ul>	<p>Samtengjandi og sundurgreinandi verkefni. Unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis t.d. hugtakakort, dótasögur o.s.frv.</p>		

4.bekkur	Markmið	Kennsluáherslur	Matstæki	Viðmið um árangur
Tækni/ leikni	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• les aldurssvarandi texta</li> <li>• eykur við leshraða og liðleika</li> <li>• les upphátt með mismunandi áherslum og tekur mið af punkti, kommu, spurningamerki og upphrópunarmerki</li> <li>• æfir upplestur og þjálfist í flutningi á texta með leikrænum tilburðum</li> <li>• beitir hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap</li> <li>• aflar sér upplýsinga úr bókum og á rafrænu formi</li> <li>• beitir fáeinum hugtökum í bragfræði svo sem rími, erindi, kvæði, vísu, þulu og ljóðlínu</li> <li>• nýtir góðan orðaforða við að skilja texta</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið eftir aðferðum orð af orði</li> <li>• unnið eftir „Pals“ aðferðinni</li> <li>• heimalestur daglega</li> <li>• samtímar</li> <li>• leikrit á árs hátíð nemenda á yngsta stigi</li> </ul>	<p>Ág/sept. stafsetning, Aston Index.</p> <p>Sept. Samræmd próf.</p> <p>Okt. lestrarpróf</p> <p>Des. Ltl sjónrænn orðaforði D1 og lesfimi D1 og Orðarún.</p> <p>Maí. Ltl sjónrænn orðaforði D2 og lesfimi D2 og Orðarún.</p>	<p>Atkvæðafjöldi í hraðaprófi að vori :</p> <p>✓ 210→</p> <p>○ 84 - 209</p> <p>△ 0 - 83</p>
Skilningur og viðhorf	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Les sér til ánægju og gagns</li> <li>• Hefur skoðanir á því sem hann les og getur tjáð sig um það</li> <li>• Les fyrir mæli</li> <li>• Notar skólasafnið til að afla sér upplýsinga</li> <li>• Vinnur út frá eigin áhugasviði</li> <li>• Spyr og getur svarað spurningum út frá lesefni</li> </ul>	<p>Les mismunandi texta</p> <p>Gagnvirkur lestur</p> <p>Umræður</p> <p>Endursögn</p> <p>Hugarkort</p> <p>Flutningur á eigin texta</p>		